

Þar sem hönnun á nýju íþróttahúsi er í fullum gangi við Jaðarsbakka þá viljum við í Karatefélagi Akraness kanna hvar væri hugsað fyrir aðstöðu okkar þar. Karatefélagið verður núna 30 ára á næsta ári og hefur verið með aðgang að speglasalnum síðustu 30 ár. Þar er margt ábótavant t.d. brunavarnir í kjallaranum, loftræsting, geymslur fyrir búnað og fleira.

Því viljum við óska eftir bættri aðstöðu fyrir Karatefélag Akraness þar sem félagið getur verið með sal fyrir sig þar sem við getum gengið að okkar búnaði og aðstaðan henti þessari íþrótt.

Við horfum til Fylkis þar sem fimleikar og karate fara vel saman í æfingarsal með dýnum og áhofendapöllum. Þar sem þau geta verið með Karatemót og sameiginlegar æfingar milli Karatefélaga.

Við horfum til Breiðabliks þar sem þau eru með speglasal þar sem þau fá að gera salinn að sínum sal með myndum og japanskri menningu.

Við horfum til Þórshamars þar sem foreldrar geta fylgst með æfingum hjá börnum sínum fyrir utan salinn.

Til skamms tíma viljum við úrbætur á salnum og geta gert salinn að okkar æfingarsvæði með geymslusvæði fyrir búnað, laga loftræstingu og bæta brunavarnir.

Til lengri tíma viljum við að Karatefélag Akraness sé félag sem fær aðstöðu í nýja íþróttahúsinu með sal sem hentar íþróttinni til æfinga og geta boðið upp á mót. Ef við viljum byggja upp afreksíþróttafólk í Karate þá þarf umgjörð og aðstaða að vera til fyrirmyndar.

Ef félagið á að geta stækkað og dafnað þá þarf að bæta aðstöðu og öryggi krakka í Karate.

Við viljum hafa fjölbreytt íþróttalíf í bænum okkar, þar sem börn og unglingar geta valið íþrótt sem ræktar sjálfsaga, sjálfsvörn og sjálfsvirðingu.

Virðingarfyllt,

Stjórn KAK